

Ársskýrsla SAMFOK



STARFSÁRIÐ 2015 – 2016

Ársskýrsla SAMFOK

Mái 2016

Aðalfundur og stjórn 2015—2016

Aðalfundur SAMFOK var haldinn í Vogaskóla 12. maí 2015. Stjórn SAMFOK 2015-2016 sem kjörin var á fundinum:

Birgitta Bára Hassenstein, formaður, (Austurbæjarskóla), Sigríður Björk Einasdóttir, varaformaður (Hólabrekkuskóla), Charlotte á Kósini (Selásskóla), Guðlaug Karlsdóttir (Húsaskóla), Kristín Helgadóttir (Árbæjarskóla), Marín Rós Tumadóttir (Vogaskóla), Sólrún Aspar (Ingunnarskóla),

Stjórnarfundir eru haldnir einu sinni til tvisvar í mánuði að júlímánuði undanskildum. Framkvæmdastjórn sem skipuð er formanni, varaformanni og framkvæmdastjóra hittist oft eftir þörfum.

Birgitta Bára Hassenstein, formaður SAMFOK er áheyrnarfulltrúi foreldra í skóla- og frístundaráði Reykjavíkur þetta skólaár og Bryndís Jónsdóttir varaáheyrnarfulltrúi. Skoðunarmenn reikninga voru endurkjörnir Jón Hólmgeir Steingrímsson og Sigurlaug Hauksdóttir.

Fjármál og rekstur

SAMFOK hefur gert samstarfssamning við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar um að samtökin vinni að því að byggja upp öflugri

tengsl foreldra og skóla með námskeiðum, fræðslufundum, ráðgjöf o.fl. Samningur þessi gerir samtökunum kleift að halda úti skrifstofu og starfsmanni. Starfsemin er einnig að litlum hluta fjármögnuð með árgjöldum frá foreldrafélögum grunnskólanna og sótt um styrki annars staðar fyrir einstökum verkefnum. Bryndís Jónsdóttir framkvæmdastjóri starfar í hlutastarfi á skrifstofu samtakanna sem er til húsa að Háaleitisbraut 13, 2.hæð. Stjórn SAMFOK er skipuð grunnskólaforeldrum í Reykjavík og þiggur stjórnin ekki laun fyrir störf sín.

Fjárhagsár SAMFOK miðast við almanaksárið þar sem samstarfssamningur samtakanna við Reykjavíkurborg á við það tímabil. Ársskýrsla þessi nær hins vegar yfir tímabilið milli aðalfunda.



Öll námskeið á vegum SAMFOK eru auglýst á www.samfok.is

Námskeið fyrir

- Skólaráð
- Stjórnir foreldrafélaga
- Bekkjarfulltrúa

Námskeið, fyrirlestrar og fræðsla á vegum SAMFOK

SAMFOK býður þeim foreldrafélögum sem greiða árgjald til samtakanna upp á fræðslu fyrir þá sem starfa í foreldrastarfi úti í skólunum. Farið var í nokkra skóla að þessu sinni, m.a. var kynning fyrir foreldra af erlendum uppruna í Breiðdagerðisskóla.

Helga Margrét Guðmundsdóttir tólmstunda- og félagsmálafræðingur hefur undanfarnir ár verið SAMFOK ómetanlegur stuðningur í undirbúningi og framkvæmd fræðslufunda. Helga Margrét er hafsjór af fróðleik um foreldrasamstarf og sögu þess og var ákveðið að taka upp einn fund með henni.

Uptakan fór fram í Árbæjarskóla fyrir fullu húsi.



SAMFOK í samstarfi við samtökin Móðurmál og W.O.M.E.N hefur fengið styrki til að standa fyrir fræðslufundum næsta vetur fyrir foreldra af erlendum uppruna. Áhersla verður á foreldrastarf og fjölmenningu.

Nokkrir undirbúningsfundir voru haldnir í vetur, þar af einn með þátttöku starfsmanna Skóla- og frístundasviðs.

Í vetur hefur SAMFOK, í samvinnu við Umboðsmann barna og Heimili og skóla unnið að gerð teiknaðra fræðslumyndbanda um hlutverk og starfsemi skólaráða og nemendafélaga. Þórey Mjallhvít Ómarsdóttir er hönnuður myndbandanna. Næsta vetur er búist við að hæg verði að hefjast handa við sams konar myndband um foreldrafélög. Vonast er til að myndböndin verði tilbúin haustið 2016.

FULLTRÚARÁÐ	2
NEFNDARSTÖRF OG ANNAD SAMSTARF	2
NÁMSMAT OG SKÓLI ÁN AÐGREININGAR	3
FORELDRAR OG FOR-VARNIR	3
SKÓLA- OG FRÍ-STUNDARÁÐ	3
KVÆÐJA FRÁ FORMANNI	4

Ársskýrsla SAMFOK

Fulltrúaráð

Fulltrúaráð SAMFOK er að kallað saman að jafnaði tvisvar á ári. Formenn foreldrafélaga og fulltrúar foreldra í skólaráðum í grunnskólum Reykjavíkur sitja sjálfkrafa í fulltrúaráðinu.

Fulltrúaráð SAMFOK er tengiliður okkar út í skólana og mikilvægur vettvangur til þess að taka þúlsinn á skólaforeldrum og heyra hvað brennur á foreldrum. Facebook síða fulltrúaráðsins hefur auðveldað mjög upplýsingaflæði og skoðana-skipti auk þess sem vettvangur skapaðist fyrir fulltrúana til að fá álit og hugmyndir hver frá öðrum án milligöngu SAMFOK.

Á fulltrúaráðsfundi fyrir aðalfund í maí 2015 kynntu foreldrar í Vogaskóla verkefnið stefnumót sem er foreldradrifið verkefni. Því er ætlað að fá aðila skóla-samfélagsins til samvinnu um ákveðin málefni hverju sinni.

Á fulltrúaráðsfundi í haust kynntu Dröfn Rafnsdóttir sérfræðingur og Helgi Grímsson sviðsstjóri Skóla- og frístundasviðs læsisstefnu Reykjavíkurborgar.

Þessi vettvangur er mikilvægur til að mynda tengsl milli foreldra í ólíkum skólum og innan hverfa. Ánægjulegt er að segja frá því að mjög öflugt samstarf er komið á hjá foreldra-

félögnum í Breiðholti annars og Grafarvogi. Einnig hafa foreldrafélögin í Vesturbænum lengi átt gott samstarf.

Sif Vígþórsdóttir mun hitta fulltrúaráðið og kynna Norðlingaskóla. Útfærslu þeirra á skóla án aðgreiningar og skólaboðunardaginn fyrir aðalfund 2016



Nefndarstörf og annað samstarf, ráðstefnur,

- Ertu klár?
- Námsmat í grunnskólum
- SAMAN-hópurinn
- Allir með
- Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur
- Lausnæping

Stjórn SAMFOK tilnefnið á hverju ári fulltrúa í hina ýmsu starfshópa. Helstu starfshópar og nefndir sem SAMFOK átti fulltrúa í á starfsárinu:

Áheyrnarfulltrúi í skóla- og frístundaráði —Birgitta Bára Hassenstein. Varamaður — Bryndís Jónsdóttir

Starfshópar á vegum Reykjavíkurborgar

Börnin í borginni—Sigríður Einarsdóttir

Hvatningarverðlaun Skóla- og frístundaráðs—Birgitta Bára Hassenstein

Ábyrg notkun upplýsinga- og samskiptatækni í skóla-starfi—Bryndís Jónsdóttir

Samráð við foreldra—Birgitta Bára Hassenstein og Sigríður Björk Einarsdóttir.

Sveigjanleg skólaskil milli grunn- og framhaldsskóla—Birgitta Bára Hassenstein

Forvarnir: SAMAN-hópurinn—Bryndís Jónsdóttir.

Einnig sat Bryndís Jónsdóttir framkvæmdastjóri í starfshópi um námsmat á vegum Menntamálastofnunar sem fulltrúi Heimilis og skóla.

SAMFOK er aðili að fulltrúaráði Heimilis og skóla. Það býður upp á tækifæri til samstarfs við önnur foreldrasamtök. SAMFOK hitti m.a. fulltrúa SAMKÓP og Grunnstöða í Garðabæ í vetur og hélt framkvæmdastjóri SAMFOK erindi um foreldra-samstarf fyrir foreldra í Mosfellsbæ. Birgitta Bára Hassenstein er fulltrúi SAMFOK í fulltrúaráðinu. Hún og framkvæmdastjóri þátt í vinnudegi ráðsins á vordögum 2016. Framkvæmdastjóri SAMFOK situr um þessar mundir í stjórn Heimilis og skóla.

SAMFOK býður foreldrum og foreldrafélögum upp á ráðgjöf og stuðning í ýmiss konar málum sem tengjast samskiptum við skóla eða öðrum úrlausnarefnum

Framkvæmdastjóri sækir eftir föngum ráðstefnur, málþing og fræðslufundi eða námskeið um málefni sem tengjast innra starfi SAMFOK.

Helstu viðburðir í vetur:

Alþjóðlegi Netöryggisdagurinn

Foreldradagur Heimilis og skóla

Landssamráðsfundur gegn ofbeldi.

Námskeið fyrir skólanefndir sveitarfélaga

Ráðstefna um málörvun, læsi og fjöltyngi á vegum Skólaþróunar.

Skólaping Sambands íslenskra sveitarfélaga

Öskudagsráðstefnan

SAMFOK er öðrum þræði ætlað að vera stuðningur og aðhald við skólastarf í borginni. Samtökin eru gjarnan kölluð til þegar sjónarhorn foreldra er óskað inn í umræðu eða vinnu við tiltekin málefni.

Stjórn SAMFOK sendi frá sér áskorun til stjórnvalda um að fresta innleiðingu nýs námsmats í grunnskólum.

Að lokum má nefna að við fengum góða gesti, kennara og foreldra frá Rúmeníu og var gagnkvæmur áhugi á að vera áfram í samskiptum.



Ágæta foreldri
Það er til hamingju með að unglingurinn þinn
hefur farið til grunnskóla. Á þessum tíma-
mótum er málavangur að hafa í huga að börnin
okkar eru börn til 18 ára aldrar og þurfa áfram
á umlyggis, aðhaldi og eftirliti að haldast.

Með besta óskum um farsælt sumar!
SAMAN hópurinn

Námsmat er hugt að nálgast
í heimasíðu SAMAN - hópsins.



Ársskýrsla SAMFOK

Námsmat og Skóli án aðgreiningar

Ertu klár?

Þann 12. nóvember stóð SAMFOK fyrir fundi undir yfirskriftinni "Ertu klár?" sem fjallaði um nýtt námsmat og einkunnakerfi í bókstöfum. Fulltrúar Menntamálastofnunar, nemenda í grunnskólum og skólastjórnenda í grunnskólum fluttu erindi og tóku síðan þátt í umræðum með fulltrúum grunnskólakennara framhaldsskólanna og Skóla- og frístundasviðs. Yfir eitt hundrað manns sóttu fundinn sem var haldinn í Félagsheimili Þróttar og voru snarpar umræður um málefnið.

Þann 31. mars s.l. var svo ákveðið að halda annan fund undir sömu yfirskrift í samvinnu við Menntamálastofnun. Í þetta sinn var áhersla á inntöku nýnema í

framhaldsskóla. Fulltrúar skólameistara í framhaldsskólum og nemenda í grunnskólum héldu erindi og fulltrúar frá öllum framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu tóku þátt í pallborði. Um þrjú hundruð manns mættu á fundinn sem var haldinn í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Þrátt fyrir fullvissu skólameistara í framhaldsskólum um að innritun í framhaldsskólana muni ganga vel fyrir sig eins og áður kom vel í ljós að nemendur hafa enn af þessu miklar áhyggjur vegna ólíkra áherslna í grunnskólunum.



Lausnaping

SAMFOK sendi ásamt fjölda annarra samtaka áskorun til stjórnvalda s.l. vor, um bættu þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Á fundi með Sambandi íslenskra sveitarfélaga var ákveðið að halda Lausnaping—um mál-efni barna sem passa ekki í "kassann". Þingið var haldið í sal Menntavísindasviðs HÍ í lok apríl og sóttu það á þriðja hundrað manns, bæði fagfólk og foreldrar. Fyrirhugað er að halda samstarfi þessara samtaka um málefnið áfram.



Ertu klár?



Foreldrar og forvarnir

SAMFOK á fulltrúa í SAMAN-hópnum. Eitt helsta markmið hópsins er að styðja og styrkja foreldra í uppeldis- hlutverkinu, minna á útivistar- reglur og 18 ára ábyrgð á börnum. Ennfremur að hvetja foreldra til að vera á verði á þeim tímamótum þar sem líklegt er að börn hefji neyslu áfengis og annarra vímuefna. Fulltrúar hópsins eru tæplega tuttugu talsins frá opinberum aðilum og félagasamtökum, sjá www.samanhopurinn.is.

Á námskeiðum SAMFOK eru foreldrar fræddir um mikilvægi þess að leggja áherslu á að efla bekkjaranda og skólabrag í samstarfi við skólann enda hefur slík samvinna ótvírætt forvarnargildi. Foreldraröltið hefur verið kynnt, bæði á námskeiðum og á fundum úti í skólunum.

Í starfi SAMFOK er lögð áhersla á að forvarnir byrji heima og foreldrar séu lykilaðilar í öllu forvarnastarfi.

Hvatt er til eflingar tengslanets foreldra með því að halda reglulega samráðsfundi fyrir foreldra, innan bekkjardeilda, árganga eða skólans í heild. Það hefur ótvírætt forvarnargildi og er mjög mikilvægur hluti af starfi stjórna foreldrafélaga og bekkjarfulltrúa.

Forvarnir koma einnig inn á borð hjá skólaráðunum í gegnum forvarnaráætlanir skólanna.

Skóla- og frístundaráð

Foreldrar grunnskólabarna eiga áheyrnafulltrúa í skóla- og frístundaráði Reykjavíkur. Skólaárið 2015-2016 var Birgitta Bára Hassenstein áheyrnafulltrúi foreldra en Bryndís Jónsdóttir til vara.

Skóla- og frístundaráð fundar að jafnaði tvisvar í mánuði utan júlímánaðar.

Áheyrnafulltrúi hefur í sínu starfi meðal annars að leiðarljósi starfsreglur sem samþykktar hafa verið á aðal- fundi samtakanna. Þá er

stuðst við afstöðu fulltrúaráðs í ýmsum málum og niðurstöður kannana á viðhorfum foreldra til skóla- starfsins í Reykjavík.

Áheyrnafulltrúi tekur þátt í umræðum, getur lagt fram tillögur, fyrirspurnir og bókanir en hefur ekki atkvæðisrétt á fundum ráðsins.

Leitast er við að veita Skóla- og frístundaráði og Skóla- og frístundasviði aðhald og koma sjónarmiðum foreldra á fram- færi en jafnframt að hrósa fyrir

það sem vel er gert.

Áheyrnafulltrúi lagði fram fyrirspurnir, bókanir og tillögur m.a. Varðandi sam- starfsáætlun foreldra og skóla, innleiðingu aðal- námskrár, nýtt námsmat og einkunnakvarða, starfs- og fjárhagsáætlun borgarinnar, ráðningu skólastjóra, gervi- grasvelli og vegna áskorunar frá fagfólki á skólabókasöf- num, bókakost Móðurmáls og Mentor, upplýsingakerfi skólanna. Sjá samfok.is

SAMAN **ÚTIVISTAR-REGLURNAR***
*Skv. 92 gr. laga nr. 80/2002

Á skólatíma 1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri
mega lengst vera úti til kl. 20

13 – 16 ára börn mega
lengst vera úti til kl. 22



SAMFOK — SAMTÖK FORELDRA GRUNNSKÓLABARNA Í REYKJAVÍK

Háaleitisbraut 13, 2. hæð
108 Reykjavík

Sími 562-7720
Netfang: samfok@samfok.is
www.samfok.is



Birgitta Bára Hassenstein formaður SAMFOK

Kveðja frá formanni SAMFOK

Starfsárið 2015-16 hefur verið annasamt, en á sama tíma bæði skemmtilegt og lærdómsríkt. Í haust setti stjórn SAMFOK saman metnaðarfulla starfsáætlun árána 2015-17. Mikilvæg málefni sem hafa verið okkur lengi hugleikin voru sett á dagskrá. Má þar helst nefna nýtt námsmat og einkunnakerfi, skóla án aðgreiningar, námskeið fyrir foreldra af erlendum uppruna og eftirfylgni með skólaráðsnámskeiðum frá fyrra starfsári, lýðræðislega aðkomu foreldra og nemenda að skólalöndinu.

Einn mikilvægasti samstarfsaðili SAMFOK er Reykjavíkurborg, en á sama tíma eiga samtökin að vera sjálfstæður málsvari foreldra gagnvart stjórnvöldum og eiga óhrædd að gagnrýna það sem miður fer, benda á atriði sem þarfnast úrbóta enda er það sameiginlegt markmið okkar allra að standa sem best að námi og velferð barna og ungmenna, uppeldi þeirra og menntun.

Frá síðastliðnu starfsári koma margar fyrirsagnir upp í hugann varðandi skólalönd. Dýrustu skólar OECD, slakur árangur nemenda, vinnudeilur, vinnumat, hvítbók og þjóðarsáttmáli um læsi, niðurskurður í grunnskólum og stytting náms til stúdentsprófs. Það kom stjórn SAMFOK í opna skjöldu hversu lítil umræða hafði verið um gildistöku nýs námsmats og einkunnakerfis við lok grunnskólans og hældum við því tvo fundi undir yfirskriftinni Ertu klár? Annars vegar umræðu- og fræðslufund um nýtt námsmat og einkunnakerfi og hins vegar opinn fund um innritun í framhaldsskólum. Fundirnir voru haldnir með þátttöku nemenda, foreldra, skólafólks og fræðslufyrvalda. SAMFOK fannst auðsýnt að hagsmunir nemenda hefðu ekki verið hafðir að leiðarljósi við innleiðingu nýs námsmats og einkunnakerfis og við sendum áskorun til fræðslufyrvalda um að fresta gildistöku nýs námsmats og einkunnakerfis við lok grunnskólans vorið 2016. Henni var hafnað. Og þótt Menntamálastofnun hafi rætt við ýmsa hagsmunaaðila vegna áskorunarinnar, var ekki rætt við nemendur. En við fögnum því að þann 29. apríl hélt Menntamálastofnun samráðsfund með fulltrúum ungmennaráða víðs vegar af landinu og hyggst stofnunin í framtíðinni leita til ungmenna vegna ákvarðanatöku í málefnum sem varða þau.

En starfið í ár hefur kannski einna helst einkennst af því að samtökin hafa stofnað til nýrra tengsla og aukinnar samvinnu við önnur félagasamtök um einstök verkefni og hagsmunamál.

Í upphafi starfsárs lá fyrir að SAMFOK hafði loks tekist að fjármagna verkefnið "Allir með - um velferð og nám barna" og munum við á næsta starfsári halda námskeið fyrir foreldra af erlendum uppruna í samstarfi við Móðurmál, félag um tvítýngi og W.O.M.E.N. félag kvenna af erlendum uppruna. Þetta verkefni hefur verið í mótun frá árinu 2013. Það verður mikill ávinningur fyrir SAMFOK að eiga í samstarfi við þessi öflugra grasrótarsamtök.

www.samfok.is



Bryndís Jónsdóttir framkvæmdastjóri SAMFOK

SAMFOK auk annarra hagsmunafélaga sem starfa að málefnum barna sendu frá sér sameiginlega áskorun í byrjun árs 2015 og síðan aftur 2016 varðandi skóla án aðgreiningar og skort á þjónustu við börn og ungmenni með fjölþættan vanda. Fundað hefur verið með með fulltrúum sambands íslenskra sveitarfélaga. Stofnaður var sérstakur framkvæmdahópur og haldið var Lausnaþing um málefni barna sem passa ekki í "kassann", málþing um skóla án aðgreiningar og málefni barna og ungmenna með fjölþættan vanda. Lausnaþingið skapaði mjög góðan vettvang fyrir áframhaldandi og aukna samvinnu, því málaflokkurinn er í öngstræti, kerfið er ekki að virka vel fyrir börn og úrbóta er þörf.

Sem formaður hef ég talið það vera eitt brýnasta verkefni SAMFOK að styðja við lögbundna aðkomu foreldra og nemenda að skólalöndinu sem kveðið er á um í grunnskólalögum. Skólinn er samfélag þar sem nemendur, foreldrar og starfsfólk skóla eiga að koma að mótun stefnu og sérkenna skólans. Veita þarf nemendum aðkomu að ákvörðunum um mál sem þau varða, fela þeim ábyrgð og áhrif. Það er því mikið fagnaðarefni að samþykktar hafa verið í skóla- og frístundaráði tillögur starfshópa um nemendamiðað nám og aukna aðkomu foreldra að meiriháttar breytingum sem lúta að m.a. að því að styðja betur við mikilvægt hlutverk nemenda- og foreldrafélaga, fulltrúa þeirra sem sitja í skólaráðum grunnskóla.

Það var líka ánægjulegt að komast að því að nánast allir grunnskólar í Reykjavík hafa nú útbúið samstarfsáætlun skóla og foreldra. En samstarfsáætlunir eiga að vera lifandi plagg þar sem tilgreind eru sameiginleg verkefni foreldra og skóla, markmið, viðmið um árangur, umbótaáætlun og ábyrgð. Samstarfsáætlunir munu án efa auðvelda okkur öllum verkin og efla samstarf foreldra og skóla um nám og velferð barnanna okkar. Það er vilji SAMFOK, með því að safna þessum samstarfsáætlunum saman geti samtökin stutt enn betur stjórnir foreldrafélaga og skólaráðsfulltrúa foreldra.

Á þessum tímamótum langar mig til að minnst samstarfskonu okkar, Marínar Rósar Tumadóttur, formanni foreldrafélags Vogaskóla sem starfaði með okkur í stjórn SAMFOK, en hún lést á árinu. Ég vil þakka Bryndís framkvæmdastjóra fyrir vel unnin störf og stjórn SAMFOK fyrir einstaklega gott og öflugt samstarf.

SAMFOK og framkvæmdastjóri þakka foreldrum grunnskólalöndanna í Reykjavík, og samstarfsaðilum öllum, ánægjuleg kynni og gott samstarf á starfsárinu.

Snúðu andlitinu mót sólinni og þú munt ekki geta séð skuggana.